

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/1999

frá 5. nóvember 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 323/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2299/89 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

63. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89) í XIII. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 R 0323:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 323/1999 frá 8. febrúar 1999 (Stjtið. EB L 40, 13.2.1999, bls. 6).“

2. Í stað orðanna „við beitingu 5. mgr. 6. gr., 3., 4. og 5. mgr. 7. gr., 11. til 21. gr. a og 2. mgr. 23. gr.“ í fyrstu undirgrein í aðlögunarliðnum komi „við beitingu 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. og gr. 11 til 21. gr. a“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 109.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 40, 13.2.1999, bls. 6.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 323/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 5. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner